

74 STADFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir minningar-
22. ágústsjóð Þórarins Þórðarsonar og Arnleifar Árnadóttur, útgefin á venju-
legan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 22. ágúst
1929. Skipulagsskráin er þannig:

STOFNSKRÁ

fyrir

**Minningarsjóð Þórarins Þórðarsonar og Arnleifar Árnadóttur
frá Kirkjubólsseli í Stöðvarhreppi.**

1. gr.

Ég Arnleif Árnadóttir ákveð hérmeð að leggja fram 200.00 krónur — tvö hundruð krónur, — af eignum okkar mannsins míns sálaða, Þórarins Þórðarsonar, og stofna sjóð af, sem ávaxtist í útibúi Landsbankans á Eskifirði eða í jafngildri stofnun, undir umsjón sýslumannsins í Suður-Múlasýslu og sýslunefndarmannsins í Stöðvarhreppi.

2. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Þórarins Þórðarsonar og Arnleifar Árnadóttur.

3. gr.

Sjóðurinn sé eign Stöðvarhrepps í Suður-Múlasýslu.

4. gr.

Pegar sjóðurinn er orðinn að upphæð 1000.00 krónur skulu $\frac{3}{4}$ af vöxtum hans árlega afhentir viðkomandi hreppsnefnd, er hún svo úthlutar einhverjum í hreppnum, er að hennar áliti, á erfitt uppdráttar, og gangi sá fyrir, er við heilsuleysi á að stríða, sjálfur eða vandamenn hans. Ekki skal nema einn njóta árlega meðan vextir nema ekki meiru en 500.00 krónum.

5. gr.

Einn fjórði vaxta sjóðsins skal alltaf leggjast við höfuðstól meðan sjóðurinn er ekki orðinn 20000.00 krónur. Leggja skal alla vexti við höfuðstól þau ár, sem hreppsnefndin álitur ekki neinn hreppsþúa sérstaklega þurfandi styrksins.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei selja, gefa eða veðsetja, né á nokkurn hátt skerða. — Hætti Stöðvarhreppur að verða til sem sérstakur hreppur, skal sá er nýtur, vera heimilisfastur innan núverandi takmarka hans.

Kirkjubólsseli, 4. ágúst 1919.

Arnleif Árnadóttir.